

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**932. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 9. janúar 2017 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

### **Embættismenn:**

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

### **Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

### **Afgreiðslur:**

1. **Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs Skúli Húnn Hilmarsson** mætir til fundar við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sviðsins, s.s. hitaveitu, ljósleiðara ofl.
2. **Fundargerðir lagðar fram til kynningar.**
  - a. **1612033 Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga** frá 16. desember sl.
  - b. **1701013 Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Róta bs.** frá 19. desember sl.
3. **Lóðaumsóknir.**
  - a. **1603031 Lögð fram umsókn frá Reykjahöfða ehf.** um lóð undir gistiheimili að Norðurbraut 22A á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir lóðaumsóknina og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðarleigusamningi.
  - b. **1612019 Lögð fram umsókn frá Eyþóri Elmari Berg** um lóð undir íbúðarhús og bílskúr að Bakkatúni 10 á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir umsóknina og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðarleigusamningi.
4. **1701010 Lögð fram til kynningar ársskýrsla leikskólans Ásgarðs skólaárið 2015-2016.**
5. **Lögð fram eftirfarandi erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra.** Beiðni um umsagnir vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.  
**1701008 Hreinn Hreinsson f.h. OG-101 ehf.** sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Höfðabraut 27 á Hvammstanga.  
**1701009 Skúli Húnn Hilmarsson f.h. Unnvals ehf.** sækir um leyfi fyrir gististað í flokki II að Garðavegi 14. Sveitarstjóra falið að svara erindunum í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra. Unnur Valborg Hilmarsdóttir, vék af fundi við afgreiðslu erindis 1701009 vegna vanhæfis.
6. **1701012 Lagt fram aðalfundarboð Róta bs.** sem haldinn verður á Hótel Mælifelli, Sauðárkróki miðvikudaginn 25. janúar nk. kl. 10:00. Samþykkt að Elín Jóna Rósinberg, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Elín R. Líndal og Ingimar Sigurðsson verði fulltrúar Húnaþings vestra á fundinum.

7. **1701014 Lagt fram bréf SSNV, boð á ráðstefnu sem haldin verður á Hótel Laugarbakka** föstudaginn 13. janúar nk. kl 10:30-16:00. Byggðarráð hvetur sveitarstjórnarmenn til að mæta á ráðstefnuna.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:50

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Elín R. Líndal

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir